

**EURONEWS – UM SÉRKENNSLU**  
**15. tölublað**

**Í ÞESSU TÖLUBLAÐI ...**

Orðsending frá framkvæmdastjóranum.....	2
1. Skýrsla Evrópumíðstöðvarinnar „Skjót afskipti: Rannsókn á aðstæðum í Evrópu“ .....	3
2. Ánægja foreldra með skjót afskipti í Litháen .....	5
3. Breytingar á löggjöf, leiðbeiningum og námskrá. Hvað með breytta starfshætti? Ný og brýn verkefni varðandi málefni ungra barna með sérþarfir í Finnlandi. ....	5
4. Skjót afskipti á Spáni: skipulagsmál .....	6
5. „Networking“ – líkan til tal- og málþjálfunar í Noregi .....	7
6. Endurmenntun fyrir fagfólk á sviði skjótra afskipta í Hollandi.....	8
7. Í Danmörku er stefnan sú að ung börn njóti fyrsta flokks menntunar.....	9
8. Hugmyndir um skjót afskipti í leikskólum í Frakklandi.....	10
9. Stuðningur við tal- og málþroska barna í Schleswig-Holstein, Þýskalandi.....	11
10. Evrópuráðið leggur áherslu á mikilvægi skjótra afskipta af börnum með einhverfu ..	12
11. Ráðstefnur um skjót afskipti .....	13
12. Atlantshafshópurinn um málefni skjótra afskipta.....	14
Framleiðsla.....	16

## Orðsending frá framkvæmdastjóranum

Kæru lesendur,

Í þessu tölublaði *EuroNews* er fyrst og fremst fjallað um „skjót afskipti“. Þetta efni er afar mikilvægt – sú reynsla, tilfinningar og upplifanir sem barn gengur í gegnum allt frá fæðingu og fyrstu mánuðina og árin í lífi sínu hefur afgerandi áhrif á alla framtíð þess. Með skjótum afskiptum er miðað að því að styðja og styrkja barnið, fjölskyldu þess og þá þjónustuaðila sem koma að málum á þessu afar viðkvæma skeiði í lífi barnsins.

Á undanförunum árum hefur verið unnið að stóru verkefni á sviði skjótra afskipta hjá Evrópumíðstöðinni. Við teljum brýnt að allir kennarar fái upplýsingar um niðurstöður þess verkefnis og það starf sem unnið hefur verið í aðildarlöndum okkar. Því hefur þetta tölublað verið helgað umfjölluninni um þetta málefni.

Við vonum að upplýsingarnar frá Evrópumíðstöðinni og aðildarlöndunum reynist áhugaverðar og komi ykkur að gagni í starfi.

*Cor Meijer*  
*framkvæmdastjóri*

## 1. Skýrsla Evrópumíðstöðvarinnar „Skjót afskipti: Rannsókn á aðstæðum í Evrópu“

Á árunum 2003-2005 stóð Evrópumíðstöðin fyrir verkefni um skjót afskipti í Evrópu. Skjót afskipti eru mjög mikilvægt svið bæði hvað stefnu og starf varðar: snúast um þau grundvallarréttindi að ungbörn og aðstandendur þeirra fái þann stuðning sem þörf er fyrir.

Sérfræðingar á sviði skjótra afskipta (SA), þ.e. stefnumótendur, sérfræðingar á heilbrigðissviði, menntasviði, félagsþjónustan sem og fagfólk og aðstandendur, frá níttján Evrópulöndum tóku þátt í verkefninu.

Verkefnið skiptist í fjóra þætti. Í fyrsta lagi efnissöfnun frá aðildarlöndunum, en hún fór fram samkvæmt ákveðinni aðferð, þannig að hægt var að bera saman úrræði og þjónustu í löndunum. Einnig var um að ræða skoðanaskipti sérfræðinga um ýmis tiltekin mál. Fundir og vettvangsheimsóknir fóru einkum fram í München (Þýskalandi), Coimbra (Portúgal) og Västerås (Svíþjóð), en á þessum þremur stöðum var hægt að greina hvernig hægt er með ýmsu móti að innleiða SA-líkanið (ecologic-systemic model of ECI).

Umræður um stöðu mála urðu til þess að teknar voru saman meginniðurstöður verkefnisins og því fylgt eftir með lokamálþingi þar sem fóru fram opnar umræður meðal foreldra, sérfræðinga, stefnumótenda og rannsóknaraðila um helstu niðurstöður sérfræðingahópsins og mat á þeim árangri sem verkefnið hafði borið.

Eitt meginatriði verkefnisins var að leggja fram samevrópska skilgreiningu á hugtakinu „skjót afskipti“:

*Skjót afskipti samanstanda af þjónustu/úrræðum fyrir yngstu börnin og fjölskyldur þeirra sem veitt er skv. beiðni fjölskyldunnar á tilteknum tímamarki í lífi barnsins og spanna allar aðgerðir sem gripið er til þegar barnið þarfnast sérstaks stuðnings í þá veru að tryggja og stuðla að persónulegum þroska þess, efla hæfni og getu fjölskyldunnar og auka félagslega þátttöku fjölskyldunnar og barnsins. Veita skal þennan stuðning í því umhverfi sem barnið lifir og hrærist í, helst á heimavelli, með þverfaglegu teymi sem tekur alhliða mið af þörfum fjölskyldunnar.*

Verkefnisskýrslan „Skjót afskipti: Rannsókn á aðstæðum í Evrópu – Lykilatriði og tillögur“ er nú fánleg. Í henni er sýnt hvernig hugmyndir og kenningar hafa þróast og orðið til þess að hugtakið „skjót afskipti“ hefur hlotið nýja merkingu þar sem heilbrigðis- og menntamál sem og félagsvísindi eru orðin sambætt því. Lögð er áhersla á að afskipti beinast ekki lengur einungis að barninu heldur spanna víðara svið þar sem bæði barnið, fjölskylda þess og umhverfið koma við sögu, en slík nálgun er í samræmi við þá þróun að ekki sé lengur litið á fötlun sem „læknisfræðilegt“ fyrirbæri heldur „félagslegt“.

Ýmsir þættir varðandi þessa nýju merkingu SA-hugtaksins voru skilgreindir í verkefni Evrópumíðstöðvarinnar:

*Framboð, nálægð, efnahagur og fjölbreytileiki* þjónustuaðila á sviði skjótra afskipta í Evrópu. Þjóða ætti sem fjölbreyttasta þjónustu eins fljótt og unnt er, fólki að kostnaðarlausu eða gegn lágmarksgjaldi. Þjónustan verður að uppfylla þarfir fjölskyldunnar og beinast að henni. Heilbrigðis- og félagsþjónustan sem og menntakerfið ættu að vera ábyrgir aðilar á þessu sviði.

*Markhópar, teymisvinna, þjálfun og starfsgögn* eru lykilatriði. Sérfræðingar í mismunandi greinum taka þátt í að veita yngstu börnunum og aðstandendum þeirra stuðning. Þeir geta ekki einangrað sig í starfi heldur verða að starfa saman í þverfaglegu teymi. Í þeim tilvikum þar sem afskipta er þörf er þróuð einstaklingsáætlun (kallast einnig fjölskylduáætlun eða þjónustuáætlun fyrir fjölskylduna, eftir löndum) sem byggist á samstarfi milli fjölskyldu og teymis. Í áætluninni er sjónum beint að þörfum, styrkleika, forgangsmálum, markmiðum og hvað þarf að gera og meta.

Þessir þættir liggja til grundvallar fjölda tillagna sem miða að því að bæta og efla þá þjónustu og úrræði sem fyrir hendi eru, og þær eru fyrst og fremst ætlaðar fagfólki sem starfar á þessu sviði. Gerð er grein fyrir tillögnum í skýrslu Evrópumíðstöðvarinnar sem hægt er að nálgast án endurgjalds á átján tungumálum á slóðinni <http://www.european-agency.org/site/info/publications/agency/ereports/15.html>

*Allar upplýsingarnar sem aflað var meðan unnið var að verkefninu er að finna á vefsvæðinu <http://www.european-agency.org/eci/eci.html>*

*Nánari upplýsingar um verkefnið eru fáanlegar á slóðinni [brussels.office@european-agency.org](mailto:brussels.office@european-agency.org)*

## 2. Ánægja foreldra með skjót afskipti í Litháen

Ánægja foreldra er ein mikilvægasta vísbendingin um gæði skjótra afskipta og markmiðið með þessu verkefni á árinu 2004 var að meta ánægju foreldra með ýmsa stuðningsþætti sem SA-þjónustuveitur í Litháen önnuðust.

„Ánægja“ er flókið hugtak og oft skilja og túlka foreldrar og fagfólk það á mismunandi hátt. Því var það einn liður verkefnisins að skilgreina eftirfarandi atriði þar að lútandi: mat foreldra á afskiptalíkaninu; stuðning sem foreldrum og barni er veittur; samband foreldra og fagfólks; aðgengi að þjónustu, starfsskipulag o.s.frv.

Notaður var skalinn *European Parental Satisfaction Scale about Early Intervention* (sem var þróaður við Sialiai-háskóla í samvinnu við sérkennsludeildina í Fribourg-háskóla í Sviss). Foreldrar sem eiga börn með sérþarfir og sækja þjónustu í sjö SA-þjónustumiðstöðvum í Litháen tóku þátt í verkefninu; lagðar voru spurningar fyrir alls 160 foreldra.

Niðurstöður könnunarinnar sýndu að foreldrar sem þiggja þjónustu viðkomandi þjónustumiðstöðva fyrir börn sín eru almennt ánægðir með gæði þjónustunnar í Litháen.

Það atriði sem foreldrar mátu mest var **stuðningur við barnið** (sjá myndina hér fyrir neðan). Aðgengi að viðkomandi þjónustu og starfsfyrikomulag var talið fullnægjandi. En það sem helst vakti óánægju foreldra voru atriði sem tengdust félagslegu umhverfi, þ.e. hvernig afskiptunum og sambandi fagfólks og foreldra er hagað.

Mynd: Almennar upplýsingar um ánægju foreldra í Litháen

- Stuðningur við barnið
- Samband foreldra og fagfólks
- Stuðningslíkan
- Félagslegt umhverfi

Samkvæmt foreldrunum sem þátt tóku í verkefninu kunna þeir almennt vel að meta þann stuðning sem þeir fá, en það sem þeim finnst helst ábótavant er að fagfólkið skuli enn vera í hlutverki „sérfræðinga“ í þessu ferli og að afskiptin snúist fremur um að veita barninu meðferð en að stuðla að þátttöku fjölskyldumeðlima og að efla félagslega hæfni barnsins og fjölskyldu þess.

Nánari upplýsingar veitir Stefánja Alisaukiene, forstöðumaður sérkennsludeildar Sialiai-háskóla [stefa@su.lt](mailto:stefa@su.lt) eða Regina Labiniene, fulltrúi Evrópumíðstöðvarinnar í Litháen [regina.labiniene@smm.lt](mailto:regina.labiniene@smm.lt)

## 3. Breytingar á löggjöf, leiðbeiningum og námskrá. Hvað með breytta starfshætti? Ný og brýn verkefni varðandi málefni ungra barna með sérþarfir í Finnlandi.

Í Finnlandi geta öll börn á aldrinum 10 mánaða til 7 ára fengið dagvistun (kallast ECEC í Finnlandi). Í dagvistun felst bæði nám og umönnun (svokallað EduCare) og það er

algengasta fyrirkomulagið þegar um sérþarfir er að ræða Finnlandi. Flest börn (85%) sem eru með sérþarfir eða í áhættuhópi fá þessa þjónustu.

Dagvistunarkerfið er rekið á vegum félags- og heilbrigðisráðuneytisins. Lagasetning um dagvistun var innleidd á árunum 1970-1980 með *lögum um dagvistun barna (36/1973)*, en á þeim tíma voru bæði aðgreining barna og læknisfræðileg viðhorf ríkjandi. Það var fyrst með nýjum stefnumálum í landinu (*Government Resolution Concerning the National Policy Definition on Early Childhood Education and Care, 2002* og *National Guidelines on ECEC Curriculum (2003)* sem reglur um nám án aðgreiningar og skjót afskipti komu til sögunnar. Í ársbyrjun 2006 undirbjuggu stjórnvöld lagabreytingar sem hafa munu áhrif á dagvistunarmál: í þeim er ráðgert að fara nýjar leiðir við skipulag á stuðningi við börn með sérþarfir í blönduðum hópum, þar sem eftirfarandi atriði eru í fyrirrúmi:

- blandaðir hópar fela í sér að skjót afskipti verði liður í daglegu starfi stofnunarinnar;
- aukin tilhneiging er til að starfsfólk á vegum dagvistunar og foreldrar taki þátt í að meta sérþarfir barnsins.

Slíkar lagabreytingar eru afar mikilvægar, en hvað með daglega starfsemi? Fagfólki á þessu sviði hefur fengið mörg tækifæri til að taka þátt í fundum og málstofum sem haldnar hafa verið sem liður í undirbúningi nýrrar námskrár. Á þeim vettvangi hefur það getað látið í ljós hvaða breytingar það kysi að sjá á starfseminni. Það hefur skilað árangri og fagfólk er almennt þeirrar skoðunar að nýja námskráin gagnist vel í starfi.

Margir faghópar á vegum sveitarfélaga hafa gert breytingar á þjónustuskipulagi sínu: stuðningur er veittur fyrr og foreldrar taka meiri þátt í stuðningsferlinu. Komið hefur verið á nýrri aðferð til að þjálfa starfsfólk – „Skjótum stuðningi við börn“ – þar sem vinnuhópar reyna með samræðum og hugmyndaflugi að þróa öðruvísi starfsvenjur og ný viðhorf í samstarfi sínu við foreldra. Betur þarf að vinna að þessu málefni en þær breytingar sem þegar hafa verið gerðar lofa góðu.

*Nánari upplýsingar um breytingar varðandi ung börn með sérþarfir í Finnlandi má fá hjá Liisu Heinämäki, sérfræðingi hjá National Research and Development Centre for Welfare and Health STAKES [liisa.heinamaki@stakes.fi](mailto:liisa.heinamaki@stakes.fi) eða á vefslóðunum <http://varttua.stakes.fi/EN>*

*[www.stm.fi/Resource.phx/eng/index.htm](http://www.stm.fi/Resource.phx/eng/index.htm)*

*[www.oph.fi/english](http://www.oph.fi/english)*

*Einnig er hægt að hafa samband við Pirjo Koivula [pirjo.koivula@oph.fi](mailto:pirjo.koivula@oph.fi) verkefnisstjóra Evrópumíðstöðvarinnar í Finnlandi.*

#### **4. Skjót afskipti á Spáni: skipulagsmál**

**Brautryðjendastarf á sviði skjótra afskipta á Spáni hófst í lok áttunda áratugar síðustu aldar og því fylgdu nýjar hugmyndir um þroska barna og félagslega aðlögun. Fram að því voru börn með ýmsar sérþarfir yfirleitt ekki sett í almennum skólum. Enda þótt SA-áætlanir væru á tilraunastigi voru þær þó afar mikilvægar þegar kom að breyttri framtíðarsýn og viðhorfum gagnvart fötluðum börnum.**

Verulegar framfarir hafa vissulega átt sér stað á Spáni á þremur síðustu áratugum. Þjónusta á sviði skjótra afskipta er hvarvetna í boði og orðin ómissandi börnum með sérþarfir og fjölskyldum þeirra. Pólitískir valdhafar hafa samþykkt að lykilatriði úr spænsku „hvítbókinni um skjót afskipti“ verði höfð til hliðsjónar við SA-áætlanagerð: samvinna, aukin þátttaka fjölskyldunnar, dreifð úrræði fólki að kostnaðarlausu, þverfagleg teymisvinna og fjölþætt afskipti.

Núorðið njóta næstum öll börn með þekktu fötlun eða þroskaraskanir einhvers konar SA-stuðnings á Spáni, og öðlast þar með möguleika á að stunda nám innan almenna skólakerfisins.

Evrópskt frumkvöðlastarf, t.d. Helios-áætlunin (1993-1996) og verkefni Evrópumíðstöðvarinnar um skjót afskipti nú á undanförunum árum (2003-2005) hefur gegnt og gegnir enn ómetanlegu hlutverki á þessu sviði á Spáni. Með Helios-áætluninni var skapaður grundvöllur fyrir millilandasamskipti um tilraunaverkefni á sviði skjótra afskipta. Verkefni Evrópumíðstöðvarinnar hefur skapað enn fleiri möguleika: komið var upp gagnagrunni sem sýnir fjölbreytni skjótra afskipta í Evrópu og einnig var varpað ljósi á nokkrar umdeildar hugmyndir og hagnýta þætti á þessu sviði. Tillögurnar beinast fyrst og fremst að gæðastöðlum og fyrsta flokks starfsemi á þessu sviði til framtíðar.

Á Spáni er að hefjast nýr kafli hvað þróun á skjótum afskiptum varðar. Nýjar grunnreglugerðir þar að lútandi kunna að verða mótaðar í nánustu framtíð á vegum konungsskipaðar nefndar um málefni fatlaðra (Royal Board on Disability) í samvinnu við GAT-samtökin (Spanish Federation of Professional Associations) og CERMI-bandalagið (Spanish Confederation of Disabled People). Héðan í frá verður því athyglinni einkum beint að skipulagsmálum, svo sem hvaða viðmiðum skuli fylgt, fjárhagsáætlunum, hvar þjónusta skuli fara fram og hvers konar starfsfólks sé þörf.

*Nánari upplýsingar um skjót afskipti á Spáni veita Jaime Ponte, sérfræðingur á sviði endurhæfingar [981356754@telefonica.net](mailto:981356754@telefonica.net) eða Andrés Hernández Zalón, verkefnisstjóri Evrópumíðstöðvarinnar á Spáni [andres.hernandez@mec.es](mailto:andres.hernandez@mec.es)*

## **5. „Networking“ – líkan til tal- og málþjálfunar í Noregi**

**„Networking“, eða svokallað samstarfsnet, var kynnt sem afar sérhæft líkan til tal- og málþjálfunar hjá SRC-miðstöðinni (Sørlandet Resource Centre) í Noregi árið 1999. Irene Johansson prófessor við Karlstad-háskóla í Svíþjóð og forstöðumaður SRC, sem þróaði Karlstad-líkanið til tungumálanáms sem notað er hvarvetna í Skandinavíu, hóf útfærslu á þessu líkani og kynnti það fyrir aðstandendum.**

Hugmyndin að baki er hvatning til þátttöku þar sem foreldrum eru skapaðar aðstæður sem gera þá hæfari til að taka ákvarðanir og velja námsaðferðir og nám sem hentar barninu þeirra. Kenningar um „vistfræðikerfi“ hafa einnig mótað þetta líkan, en þær ganga út á það að rannsóknir á þroska barna felist ekki einungis í því að fylgjast með viðkomandi barni, heldur þurfi einnig að skoða samskipti þess í víðara samhengi.

Síðan þessi aðferð var kynnt hefur fengist aukin reynsla innan SRC og núna er þetta líkan notað á sviði skjótra afskipta þegar um er að ræða börn sem eiga við tal- og málörðugleika eða hafa alvarlegar/flóknar sérþarfir að etja.

Foreldrar eiga ávallt mikla hlutdeild í lífi og þroska barna sinna, og þeir eiga einnig sínar erfiðu stundir. Þeir verða að geta deilt gleði sinni og sorgum með öðrum og hafa þörf fyrir að einhver beri ábyrgð á þroska barnsins með þeim.

Í SRC-samstarfsneti leggjast allir á eitt, fagfólk, foreldrar og aðrir aðilar, við að efla tal- og málþroska barnsins. Málþroski barns eflist í samskiptum þess við fólk sem hefur mismunandi hlutverk og verkefni samstarfsnetsins er að skapa barninu tækifæri til slíkra samskipta. Þau fara fram daglega og eru hluti af venjubundnu lífi barnsins. Allir aðilar samstarfsnetsins beita sömu aðferðum, en hver og einn veitir barninu möguleika á að afla sér kunnáttu og færni með mismunandi móti og á ólíkum stöðum í daglegu lífi þess. Öllum er ætlað það hlutverk að vera barninu góður félagsskapur og tala við það.

Samstarfsnetið hefur starfsemi sína þegar foreldrum er ljóst hvaða einstaklingar eru barninu mikilvægir: það geta verið kennarar, afar og ömmur, frænkur, frændur, nágrannar, stuðningsfulltrúar í frístundastarfi eða einhverjir aðrir. Foreldrar biðja þessa tilgreindu einstaklinga að taka þátt í samstarfsnetinu. Þeir hittast á reglubundnum fundum, ræða saman og taka ákvarðanir um hvað barninu sé hollt að læra. Þeir skilgreina líka sameiginlega hvernig barnið getur tileinkað sér hluti og finna leiðir til að slíkt nám fari fram í daglegu lífi þess. Þannig vinnur hvert samstarfsnet einstakt starf fyrir viðkomandi barn.

*Nánari upplýsingar um þetta líkan veita Arlene Temte, ráðgjafi á Sørlandet Resource Centre í Kristiansand [arlene.temte@statped.no](mailto:arlene.temte@statped.no) eða Marit Hognestad [marit.hognestad@utdanningsdirektoratet.no](mailto:marit.hognestad@utdanningsdirektoratet.no) verkefnisstjóri Evrópumíðstöðvarinnar í Noregi.*

## **6. Endurmenntun fyrir fagfólk á sviði skjótra afskipta í Hollandi**

**Þegar um skjót afskipti er að ræða verður fagfólk úr ýmsum greinum að starfa saman að því að veita fjölskyldum barna með sérþarfir stuðning. Mikilvægt er að huga að faglegri þjálfun á þessu sviði.**

Í Hollandi er boðið upp á almennt nám á sviði skjótra afskipta við Háskólann í Groningen, [www.rug.nl/gmw/index?lang=en](http://www.rug.nl/gmw/index?lang=en), og endurmenntunarnámskeið um tiltekin efni eru haldin fyrir fagfólk í ýmsum greinum sem starfar á þessu sviði. Sem dæmi má nefna námskeið sem haldið er á vegum Portage-áætlunarinnar á ýmsum umönnunar- og endurhæfingarstofnunum í Hollandi, þar sem starfsfólk Orthopedagogy-deildarinnar við Háskólann í Groningen og sérfræðingar á þessu sviði eru leiðbeinendur.

Portage-áætlunin fer fram við hópaðstæður þar sem miðað er að því að örva þroska barns í hópi annarra barna með því að bjóða upp á sérstök viðfangsefni og leiki. Kannað er hvort hægt er að vinna að hagnýtum, einstaklingsbundnum markmiðum í því daglega

hópstarfi sem barnið tekur þátt og sinna þannig sérþörfum þess, og veita aðstandendum og kennurum stuðning.

Meginreglan er sú að þroskastig hvers einstaklings tengist því umhverfi sem hann lifir og hrærist í. Fylgja skal einstaklingsbundnum markmiðum í námi; til að ná þeim markmiðum er afar brýnt að hafa sérstaka áætlun og samræmingu að leiðarljósi. Portage-áætlunin er framkvæmd á tveimur stigum: með viðkomandi barn í huga annars vegar og hópstarfið hins vegar.

Portage-áætlunin er ætluð kennurum og fagfólki á heilbrigðissviði og þar er fjallað um ýmsa efnisflokka: fræðilegar leiðbeiningar um starfsaðferðina, hagnýt ráð við framsetningu mælanlegra og sýnilegra hegðunarmarkmiða, leiðbeiningar um framsetningu lítilla áfanga (verkefnagreining), greiningu á hegðunarvanda með svokallaðri ABC-greiningu (Antecedent, Background, Consequences) og síðast en ekki síst þjálfun í að nota efni Portage-áætlunarinnar. Þjálfunin tekur sex vikur og þátttakendur eru metnir út frá tilviksathugunum sem fara fram á vinnustað þeirra.

Svokallaður hegðunarráðgjafi (behavioural specialist), sem jafnframt er þjálfður sem Portage-verkefnisstjóri, fylgist með þátttakendum á vinnustað þeirra. Sérfræðingur í framkvæmd SA-áætlana hefur aftur á móti umsjón með hegðunarráðgjöfum í eitt ár. Að þeim tíma loknum hefur hegðunarráðgjafinn öðlast færni til að veita kennurum og starfsfólki heilbrigðisstétta á þessu sviði þjálfun í að mæta sérþörfum barna og aðstandenda þeirra.

*Nánari upplýsingar um endurmenntun á sviði skjótra afskipta í Hollandi veita Ineke Oenema-Mostert [c.e.oenema-mostert@rug.nl](mailto:c.e.oenema-mostert@rug.nl) Bieuwe Van der Meulen [b.f.van.der.meulen@rug.nl](mailto:b.f.van.der.meulen@rug.nl) (Háskólanum í Groningen) eða Sip Jan Pijl [s.j.pijl@rug.nl](mailto:s.j.pijl@rug.nl) verkefnisstjóri Evrópumíðstöðvarinnar í Hollandi.*

## **7. Í Danmörku er stefnan sú að ung börn njóti fyrsta flokks menntunar**

**Í desember 2005 kom danska ríkisstjórnin á fót nefnd sérfræðinga og fræðimanna og helsta verkefni hennar var að undirbúa tillögur til stuðnings því markmiði stjórnvalda að veita öllum börnum gott atlæti í skóla allt frá upphafi. Skýrsla nefndarinnar var birt í febrúar 2006.**

Um 80% allra danskra barna á aldrinum 1-2 ára eru á leikskólum, vöggustofum eða stofnunum með blönduðum aldurshópum. Um 95% allra barna á aldrinum 3-6 ára eru á leikskólum. Tölur sýna að 77% 3-5 ára barna innflytjenda eru á dagvistunarstofnunum og að öllum afkomendum þeirra meðtöldum 81%. Nánast öll börn á aldrinum 1-6 ára eru þannig í einhvers konar dagvistun enda þótt ekki sé um skyldubundna vistun að ræða.

Í drögum stjórnvalda frá 2005 um framtíðarsýn og áætlunum um „besta *grunnskóla* í heimi“ er lögð áhersla á mikilvægi þess að skapa betra samræmi milli dagvistunarþjónustu, skóla og frístundastarfs í skólum.

Stjórnvöld áætla að 270 milljónum evra verði á árunum 2005-2009 varið í endurbætur á dagvistunarþjónustunni, en stór hluti fjárveitingar á fyrsta árinu mun renna í sérstök verkefni til að bæta hag barna sem eiga félagslega erfitt uppdráttar.

Sérfræðinganeftndinni var einkum gert að hafa börn sem eiga félagslega erfitt uppdráttar í huga í starfi sínu. Nefndin benti á að áhersla á þessi börn og námsefni þeirra hefði aukist með nýrri námskrá árið 2004 því að í henni þarf að gera skýra grein fyrir öllum markmiðum, aðferðum og starfsháttum sem beinast að börnum með sérþarfir í öllum viðkomandi kennslustofnunum.

Nefndin mælti með því að dagvistunarstofnanir beittu uppeldis- og félagsfræðilegum aðferðum með megináherslu á umskipti barna yfir í skólakerfið. Einnig lagði hún til að metið verði með reglubundnum hætti hvort viðkomandi stofnanir uppfylli kröfur námskrár og skóla.

Nefndin lagði til að komið yrði á ráðgjafarþjónustu sem tæki til dagvistunarmála og sveitarfélaga, hvað varðar nám, úttekt og mat á viðkomandi aðstæðum og umskipti yfir í skóla. Slíkt mundi auðvelda mat á daglegri starfsemi innan dagvistunarstofnana.

Tillögur nefndarinnar eru til umræðu hjá valdhöfum 2006. Fjallað verður um nám og menntun sem samþætt ferli, að meðtalinni dagvistun, almennri skólagöngu og aðstöðu til frístundastarfs í skólum. Frumvarp til laga varðar lagðar fram á danska þinginu á tímabilinu 2006/2007 samkvæmt þeim nefndartillögum sem samkomulag næst um.

*Nánari upplýsingar um þessar breytingar veitir Helle Beknes, ráðgjafi í menntamálaráðuneytinu [helle.beknes@uvm.dk](mailto:helle.beknes@uvm.dk) og Preben Siersbaek [siersbaek@uvm.dk](mailto:siersbaek@uvm.dk) verkefnisstjóri Evrópumíðstöðvarinnar í Danmörku.*

## **8. Hugmyndir um skjót afskipti í leikskólum í Frakklandi**

**Hvað varðar skjót afskipti eða útfærslu á forvarnarstefnu í Frakklandi er mikilvægt að greina á milli tveggja sjónarmiða: almennra forvarna og sértækra forvarna þar sem um tvö svið er að ræða sem nálgast ber með mismunandi hætti hvað varðar hugmyndir, aðgerðir, starfsfólk og ferli.**

Með almennum forvörnum er reynt að koma í veg fyrir hugsanlegan framtíðarvanda með því að veita barninu bestu þroskaskilyrði sem völ er á. Um er að ræða ýmis sálfræðileg, félagsleg og samskiptatengd atriði er varða nám og gagnkvæm samskipti barnsins og aðila í námsumhverfi þess.

Sértækar forvarnir taka mið af öðrum þáttum á þann veg að gera ráð fyrir sértækum aðgerðum þegar tilgreindar eða fyrirsjáanlegar sérþarfir eða erfiðleikar koma upp hjá barninu.

Mikilvægt er því að halda þessum tveimur forvarnarleiðum aðgreindum en hafa jafnframt í huga að þær geta vel farið saman. Þessi aðgreining gerir kleift að tilgreina betur en ella hvers konar samstarfi þarf að koma á til að þörfum barna sé mætt.

Markmið forvarna samkvæmt RASED-samstarfsnetinu (Réseaux d'Aides Spécialisées aux Elèves en Difficulté) er að beita skjótum afskiptum/forvörnum, þ.e. tilteknum aðferðum sem ætlað er að „koma í veg fyrir augljósan vanda“ í því skyni að draga eins og hægt er úr áhættuþáttum.

Starfsemi RASED beinist að hugsanlegum námsörðugleikum sem ekki eru orðnir að vandamáli. Skjót afskipti/forvarnir felast í því að skilgreina og skapa hagstæð skilyrði þannig að skólinn komi betur til móts við þarfir barna og foreldra. Þessi skilyrði varða upphaf skólagöngunnar og þarfir barnsins og beitt er aðferðum sem aðlaga má einstaklingsbundnum þörfum.

Markmið skjótra afskipta/forvarna er að koma í veg fyrir hugsanlega námserfiðleika meðal tiltekinnar nemenda – einkum þeirra sem minnst mega sín – með því að skipuleggja forvarnaaðgerðir sem ná til eins margra þátta og hægt er innan skólans, og jafnvel skólastofunnar, og taka tilliti til allra þeirra flóknu þátta sem varða skólagöngu barnsins og hegðun þess í skólanum.

Slíkar aðferðir krefjast náinnar samvinnu þeirra kennara og fagfólks sem annast barnið. Þessi „samtakamáttur“ skapar réttu skilyrðin til að byggja upp raunverulegt samstarf milli sérhæfðs starfsfólks og kennara sem búa yfir fjölbreytilegri faglegri kunnáttu.

*Nánari upplýsingar veitir Nel Saumont [dpri@inshea.fr](mailto:dpri@inshea.fr) verkefnisstjóri Evrópumíðstöðvarinnar í Frakklandi eða Brigitte Bayet og Paul Fernandez, forvarnardeild INS-HEA [www.inshea.fr](http://www.inshea.fr) (kafla um forvarnir verður fljótlega birtur þar).*

## **9. Stuðningur við tal- og málproska barna í Schleswig-Holstein, Þýskalandi**

**Samkvæmt lögum ber öllum sérskólum í Schleswig-Holstein að starfa jafnframt sem stuðningsmíðstöðvar. Þeir bera því ekki einungis ábyrgð á eigin nemendum heldur þjóna þeir einnig almennu skólunum á nærliggjandi svæði. Fyrir tíu árum hófst könnun á því í Schleswig-Holstein hvort hægt væri að fækka nemendum í sérdeildum fyrir börn með tal- og málproskaröskun, með skjótum afskiptum og forvarnaaðgerðum.**

Upphaflega var um tilraunaverkefni að ræða í einu héraði. Verkefnið gekk út á að skólastjórnendur fluttu sérkennara til í starfi, úr eldri bekkjum sérskóla á sviði tal- og málproskaröskunar yfir í bekki á leikskólastigi. Leikskólakennararnir fengu þjálfun hjá þessum sérkennurum í því hvernig styðja má almennan tal- og málproska og þeir öðluðust hæfni til að greina hvenær barn þarfnast talþjálfunar og stuðnings. Með því móti getur talkennari skilað betri árangri og hægt er að takast á við tal- og málörðugleika barnsins áður en það hefur skólagöngu.

Auk þessa tóku allir talkennarar á viðkomandi svæði þátt í leikskólastarfinu og sérskólinn á þessu sviði sá um að veita nemendum með alvarlegar tal- og málproskaraskanir stuðning í almennum skólum þar sem nám án aðgreiningar fer fram.

Þetta kerfi var tekið upp í öllum héruðum Schleswig-Holstein og hefur þróast áfram sem afar gagnleg forvarnaraðgerð á leikskólastigi. Sú jákvæða reynsla sem fengist hefur af þessum starfsháttum hefur orðið til þess að allt stuðningskerfið hefur verið endurskipulagt.

Stjórnvöld telja þetta afar mikilvægt verkefni á sviði menntamála sem taka ber lagalega afstöðu til á tímabilinu 2005 til 2010. Allir leikskólakennarar munu fá þjálfun í almennri talkennslu hjá talkennurum stuðningsmiðstöðvanna. Auk þess munu börn á leikskólastigi sem hafa þýsku sem annað tungumál, og þarfnast þess vegna aðstoðar, fá ítarlega tilsögn á námskeiði – sem kallast SPRINT – annaðhvort innan eða utan veggja leikskólans áður en grunnskólaganga þeirra hefst. Þessi stuðningur mun síðan smátt og smátt verða veittur öllum börnum sem koma frá viðkvæmum málsamfélögum.

*Nánari upplýsingar um starfið í Schleswig-Holstein veitir Anette Hausotter, [a.hausotter@t-online.de](mailto:a.hausotter@t-online.de), verkefnisstjóri Evrópumíðstöðvarinnar í Þýskalandi.*

## **10. Evrópuráðið leggur áherslu á mikilvægi skjótra afskipta af börnum með einhverfu**

Árið 2004 kom Evrópuráðið á laggirnar sérfræðinganefnd til að fjalla um nám og aðlögun barna með einhverfu. Þess nefnd hefur verið í nánú samstarfi við Evrópusamtökin Autism-Europe varðandi almenn mannréttindi í 46 aðildarlöndum samtakanna.

Undir stjórn Kari Steindal (Noregi) vinnur nefndin að upplýsingamiðlun um skilgreiningar á einhverfu og tölfraðilegum upplýsingum þar að lútandi. Einnig annast hún greiningu á þeirri þjónustu sem viðkomandi börn fá, einkum innan skólakerfisins, og safnar dæmum um góða starfshætti. Sem stendur vinnur hún að tillögum fyrir stjórnvöld um aukna menntun og þátttöku barna með einhverfurófsraskanir í Evrópu.

Spurningaeyðublaði var dreift til allra aðildarlandanna til að fá upplýsingar um þjónustu í boði, einkum hvað varðar greiningu á einhverfu, og úrvinnsla á svörum fer fram um þessar mundir. Í flestum þeirra tuttugu landa sem þátt taka í könnuninni (ásamt Japan sem er áheyrnarfulltrúi) kemur fram að einhverfa sé röskun sem viðurkennt er að þarfnist sérstakra aðgerða, og sums staðar er jafnvel stutt síðan að sú þörf var viðurkennd. Í öllum löndunum er talið að greining á einhverfu fari of seint fram. Hægt er að greina hana fyrr og greiningu verður að fylgja einstaklingsbundið mat á sérþörfum í námi. Nýlegar rannsóknir sýna að skjót afskipti eru mikilvæg þegar um einhverfurófsraskanir er að ræða, einkum þegar um alvarlega samskiptaerfiðleika er að ræða.

Þann 5. apríl 2006 samþykkti Evrópuráðið enn fremur aðgerðaáætlun um réttindi og fulla þátttöku fatlaðra í samfélaginu, og nær hún yfir tímabilið 2006-2015 (Tillaga Rec(2006)5). Í þessari aðgerðaáætlun er lögð fram samevrópsk stefna varðandi málefni fatlaðra; beinist hún bæði að aðildarlöndunum og Evrópuráðinu og spannar helstu þætti daglegs lífs meðal fatlaðra. Hvað heilbrigðisþjónustu viðvíkur er lagt til að ríkin viðurkenni að þörf sé fyrir skjót afskipti og skilvirkar aðgerðir til að uppgötva, greina og meðhöndla fötlun eins snemma og unnt er. Viðvíkjandi endurhæfingu er viðkomandi

ríkjum sett það markmið í aðgerðaáætluninni að nýfædd börn njóti fyrsta flokks afskipta, beitt sé þverfaglegum aðferðum og lögð sé áhersla á stuðning og ráðgjöf fyrir foreldra.

Niðurstöður og tillögur sérfræðinganevndarinnar um nám og aðlögun barna með einhverfu munu verða fáanlegar í árslok 2006.

*Nánari upplýsingar veitir Muriel Grimmeissen, ritari sérfræðinganevndarinnar [www.coe.int/soc-sp](http://www.coe.int/soc-sp)*

## 11. Ráðstefnur um skjót afskipti

**Á árinu 2005 voru haldnar þrjár stórar ráðstefnur – í Tékklandi, Bretlandi og Portúgal – þar sem fjallað var um starfsemi og málefni á sviði skjótra afskipta. Sérfræðingar frá Evrópumíðstöðinni og fagfólk frá ýmsum löndum innan sem utan Evrópu tók þátt í þeim öllum og tækifæri gáfust til að ræða um starf þeirra.**

### Prag, Tékklandi, maí 2005

Ráðstefna var haldin í Prag í maí 2005 um málefni er varða skjót afskipti og var umræðan helguð allra yngstu börnunum. Alena Sterbova, aðstoðarmenntamálaráðherra Tékklands, setti ráðstefnuna og lagði áherslu á mikilvægi þessara mála þar í landi.

Í tvo daga miðluðu sérfræðingar og fagfólk í ýmsum greinum og frá ýmsum stöðum í Evrópu upplýsingum og skiptust á skoðunum varðandi forvarnarstarf, þegar um ung börn er að ræða. Þungamiðja umræðnanna á þessari ráðstefnu var mikilvægt en afar viðkvæmt samstarf foreldra og fagfólks og fjallað var um tiltekin dæmi um starfshætti í Tékklandi. Á ráðstefnunni gafst tékkneskum foreldrum tækifæri til að kynna skoðanir sínar, reynslu og þarfir fyrir sérfræðingum.

*Nánari upplýsingar veita skipuleggjendur ráðstefnunnar, Zuzana Kaprova, fulltrúi Evrópumíðstöðvarinnar í Tékklandi, [kaprovaz@msmt.cz](mailto:kaprovaz@msmt.cz) og Alain Bony [alain.bony@wanadoo.fr](mailto:alain.bony@wanadoo.fr)*

### Birmingham, Bretlandi, nóvember 2005

Evrópuráðstefnan um skjót afskipti var haldin á vegum Sunfield Professional Development Centre, í Birmingham dagana 28. og 29. nóvember 2005. Á undanförunum árum hefur mikið starf verið unnið á sviði skjótra afskipta í Bretlandi. Markmið ráðstefnunnar var að hefja umræður milli starfsfólks og sérfræðinga á þessu sviði í Bretlandi og starfsfélaga þeirra víðs vegar um Evrópu.

Ráðstefnan var styrkt af stjórnvöldum (Department for Education and Skills) og helstu góðgerðarsamtökum Bretlands sem leggja áherslu á að foreldrar njóti góðrar þjónustu og að þeim standi ýmiss úrræði til boða (t.d. MENCAP, SCOPE, RNIB, Mental Health Foundation). Rúmlega 500 fulltrúar frá Bretlandi og öðrum Evrópulöndum – þar á meðal þátttakendur í SA-verkefni Evrópumíðstöðvarinnar – voru á ráðstefnunni.

Maria Eagle, ráðherra barna- og unglingamála, setti ráðstefnuna. Michael Guralnick, forseti alþjóðasamtakanna um skjót afskipti, Patricia Champion, frá Christchurch-miðstöðinni á Nýja-Sjálandi og Philippa Russell, umboðsmaður fatlaðra í Bretlandi fluttu fyrirlestra. Fulltrúar frá Eurlýaid (European Association on Early Intervention) stóðu fyrir mörgum vinnufundum þar sem sýnishorn af starfseminni í Evrópu voru kynnt. Meðal þess sem fjallað var um á þessum vinnufundum má nefna fátækt, þróun þjónustustarfsins, tiltekin kerfi í sumum ESB-löndunum og dæmi um góða starfshætti.

Tilkynnt var um útgáfu nýrrar bókar á ráðstefnunni. Ber hún heitið *Early Childhood Intervention; International Perspectives, National Initiatives, and Regional Practice*, og ritstjórar hennar eru Barry Carpenter og Jo Egerton. Í bókinni er fjallað um meginþemu ráðstefnunnar og gefið yfirlit yfir þær stefnubreytingar sem fylgja breyttum markhópi á sviði skjótra afskipta í Bretlandi sem og í Evrópu og á alþjóðavísu.

Michael Guralnick hélt erindi um niðurstöður ráðstefnunnar og þau verkefni sem vinna þarf að í þágu skjótra afskipta. Nánari upplýsingar um erindi hans og aðra fyrirlestra á ráðstefnunni er að finna á vefsetri ráðstefnunnar: <http://www.sunfield-school.org.uk/eci/conference.htm>

Nánari upplýsingar veitir Barry Carpenter, forstjóri Sunfield [barryc@sunfield.worcs.sch.uk](mailto:barryc@sunfield.worcs.sch.uk)

Lissabon, Portúgal, desember 2005

Ráðstefna um skjót afskipti var skipulögð af DGIDC-deild (annast þróun námskrár og annarra nýjunga) menntamálaráðuneytis Portúgals í samstarfi við Lisbon CERCÍ og með stuðningi Evrópumíðstöðvarinnar, og fór hún fram í Lissabon dagana 5. og 6. desember 2005.

Meginmarkmið ráðstefnunnar voru eftirfarandi: að gera grein fyrir lykilmálefnum og stöðu mála á sviði skjótra afskipta í ESB-löndunum; að kynna skýrslu Evrópumíðstöðvarinnar um skjót afskipti; að hugleiða hvaða hlutverki rannsóknir og þjálfun gegna við þróun góðra starfshátta á þessu sviði.

Í tvo daga fjölluðu innlendir sem alþjóðlegir sérfræðingar um meginþætti þessa málaflokks í áheyrn 500 þátttakenda. Menntamálaráðherra Portúgals, ráðherra mennta- og endurhæfingarmála og forstöðumaður DGIDC lögðu áherslu á mikilvægi þessarar ráðstefnu fyrir þróun mála á sviði skjótra afskipta í Portúgal.

Nánari upplýsingar veitir Filomena Pereira, fulltrúi Portúgal hjá Evrópumíðstöðinni [filomena.pereira@dgidc.min-edu.pt](mailto:filomena.pereira@dgidc.min-edu.pt)

## **12. Atlantshafshópurinn um málefni skjótra afskipta**

**Verkefnið „Transatlantic Consortium on Early Childhood Intervention“ (2001-2005) hefur hlotið viðurkenningu framkvæmdastjórnar ESB fyrir eitt besta starf sem unnið hefur verið á vegum EU-USA-samstarfsáætlunarinnar um háskólanám og**

**starfsþjálfun. Þrjú bandarískir háskólar og fimm háskólar í Evrópu tóku þátt í verkefninu: [www.transatlanticconsortium.org](http://www.transatlanticconsortium.org)**

Unnið var að fjórum markmiðum:

- að auka og styrkja stefnu, starf og rannsóknir varðandi þá þjónustu sem ungum börnum og fjölskyldum þeirra er veitt í viðkomandi löndum;
- að vinna að undirbúningi sérfræðinga fyrir stjórnunarstörf með þvermenningarlegri þjálfun;
- að koma á samskiptakerfi milli heimsálfanna, þar sem fram fer upplýsingamiðlun og kynning á sameiginlegum rannsóknum meðal háskóla og nemenda, með nútímatækni og með skiptiheimsóknum;
- að skapa grundvöll þess að áfram verði þróað langtímasamstarf, og að einnig verði komið á sameiginlegum námsáætlunum.

Meginniðurstöður verkefnisins eru samkvæmt markmiðunum. Stofnuð voru samtök háskóla í ESB-löndunum og Bandaríkjunum og þaðan munu koma forystumenn, bæði nú og til framtíðar, á sviði skjótra afskipta með upplýsingar um þróun og betri stefnu og starfshætti. Skipulagning þessa langtímasamstarfs hefur skilað marghliða samningum á sviði stefnumála.

Í allt fengu 65 sérfræðingar og fræðimenn þjálfun þar sem nýjustu tækni var beitt og tækifæri gáfust til skoðanaskipta. Alls voru 104 námsmannagildi í boði innan samtakanna. Auk þess hefur verið þróuð alþjóðleg námskrá, sem innleiða ber í þeim háskólum sem eru þátttakendur í verkefninu, þar sem greining og útfærsla á landsbundnum jafnt sem alþjóðlegum sjónarmiðum og skilningi varðandi skjót afskipti og málefni ungra barna er í fyrirrúmi.

Með auknum hreyfanleika þjóða á heimsvísu skila skjót afskipti sem aðlöguð eru þörfum og aðstæðum hverrar fjölskyldu og barns mannúðlegum og fjárhagslegum ávinningi til framtíðar. Nauðsynlegt er að leggja meiri fjármuni í skjót afskipti um allan heim og þjálfu sérfræðinga til starfa í fjölmennningarlegu samfélagi. Með því móti munu niðurstöður verkefnisins efla starfið í ESB-löndunum og Bandaríkjunum og þær munu einnig koma að gagni í öðrum löndum og menningarsamfélögum.

*Nánari upplýsingar um „Transatlantic Consortium“ veitir Franz Peterander, prófessor við háskólann í München [peterander@lrz.uni-muenchen.de](mailto:peterander@lrz.uni-muenchen.de)*

## Framleiðsla

Útgefandi: Evrópumíðstöðin fyrir þróun í sérkennslu.

Evrópumíðstöðin er rekin af menntamálaráðuneytum aðildarlanda sinna, þ.e. ESB-landanna, Íslands, Noregs og Sviss. Malta, Slóvenía og Slóvakía taka þátt í starfi Evrópumíðstöðvarinnar sem áheyrnaraðilar. Stofnanir Evrópusambandsins styðja einnig Evrópumíðstöðina.

Ekki ber að líta á skoðanir sem höfundar láta í ljós í *EuroNews* sem opinberar skoðanir Evrópumíðstöðvarinnar eða aðildarlanda hennar.

Leyfilegt er að nota útdrætti úr fréttabréfinu að því tilskildu að heimildar sé greinilega getið. Rafrænar útgáfur eru fánlegar á vefsetri Evrópumíðstöðvarinnar:

[www.european-agency.org](http://www.european-agency.org)

### Secretariat

Østre Stationsvej 33  
DK – 5000 Odense C, Danmörk  
Sími: +45 64 41 00 20  
[secretariat@european-agency.org](mailto:secretariat@european-agency.org)

### Brussels Office

3 Avenue Palmerston  
BE-1000 Brussels, Belgium  
Sími: +32 2 280 33 59

Veffang: [www.european-agency.org](http://www.european-agency.org)

Til að fá fleiri eintök af þessu fréttabréfi eða upplýsingar um starfsemi Evrópumíðstöðvarinnar skal hafa samband við Guðna Olgeirsson fulltrúa Íslands í Evrópumíðstöðinni, [gudni.olgeirsson@mrn.stjr.is](mailto:gudni.olgeirsson@mrn.stjr.is) eða Bryndísi Sigurjónsdóttur samstartarfaðila við Evrópumíðstöðina, [bryndis@bhs.is](mailto:bryndis@bhs.is)

Ritstjórn: Amanda Watkins, Ole Lissabeck-Nielsen og Cor Meijer

Grafísk hönnun: Cadenza 3D [www.cadenza-3d.co.uk](http://www.cadenza-3d.co.uk)

Íslensk þýðing: Þórgunnur Skúladóttir, [thorgunn@ritsmidjan.is](mailto:thorgunn@ritsmidjan.is)

Prentun: Quddos [www.quddos.co.uk](http://www.quddos.co.uk)

Fréttabréfið er fánlegt á eftirfarandi tungumálum:

tékknesku	þýsku	norsku
dönsku	grísku	pólsku
hollensku/flæmsku	ungversku	portúgölsku
ensku	<b>íslensku</b>	spænsku

eistnesku  
finnsku  
frönsku

ítölsku  
lettnesku  
litháensku

sænsku

ISSN: 1560-3105

Sumarið 2006

Styrk til útgáfu þessa fréttabréfs veitti aðalskrifstofa framkvæmdastjórnar ESB á sviði mennta-, starfsþjálfunar- og menningarmála og fjöltyngis.

[http://europa.eu.int/comm/dgs/education\\_culture/index\\_en.htm](http://europa.eu.int/comm/dgs/education_culture/index_en.htm)